

Vegna: Máls nr. 0708/2026, Stígagerð í botni Kópavogs (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Umsögn frá Útivistarsamtökum Kársness kt. 451225-0140
Mál nr.708/2026, Stígagerð í botni Kópavogs

Fyrirhuguð framkvæmd í botni Kópavogs er óhugsandi vegna of mikillar nálægðar við friðlandið. Kópavogsleira er eitt mikilvægasta strandsvæði höfuðborgarsvæðisins fyrir fuglalíf og strandvistkerfi. Leirurnar eru mikilvægar fyrir fæðuöflun en einnig vegna líffræðilegrar fjölbreytni. Í leirunum lifa fjölmargar tegundir burstorma, skeldýra og annarra smádyra sem mynda fæðugrunn fyrir vaðfugla og aðra strandfugla. Kópavogsleiran er viðkvæmt vistsvæði sem ber að vernda.

Í lýsingu frá betri samgöngum kemur fram að „í útboðsgögnum kemur fram, eins og fyrr segir, að ekki sé heimilt að fara lengra út í fjöru með neðsta hluta nýja grjótnargarðsins vegna friðlýsingar en heimilt er að hækka hann næst nýjum hjólastíg.“ Við botn Kópavogs er lítið landsvæði og ef verndunin er virt og ekki farið út fyrir núverandi hleðslur, þá getur nýja hleðslan ekki verið aflíðandi heldur þarf að gera lóðréttan vegg. Ef aflíðandi strandbrún eða hleðsla við Kópavogsleiru er breytt í **lóðréttan eða nær lóðréttan vegg**, getur það haft veruleg áhrif á fuglalíf, bæði beint og óbeint. Að breyta aflíðandi strandbrún í lóðréttan vegg eykur líkur á skerðingu búsvæða, minna fæðuframboði og meiri truflun á fugla, sérstaklega vaðfugla og farfugla sem reiða sig á Kópavogsleiru.

Kópavogsleiran er á IBA-skrá BirdLife International (Important Bird Area). Að vera á IBA skrá er alþjóðleg viðurkenning á því að svæðið skipti verulegu máli fyrir fuglastofna. Svæði komast á IBA-skrá vegna þess að þau hýsa verulegan hluta stofna tiltekinna tegunda eða gegna lykilhlutverki á farleiðum fugla.

Kópavogsleira er hluti af neti viðkomustaða farfugla á Austur-Atlantshafsfarleiðinni. Virði svæðisins felst ekki aðeins í stærð þess heldur einnig í því að fuglar geta treyst á það sem öruggan og auðugan viðkomustað. Minnkun gæða svæðisins getur því haft áhrif langt út fyrir Kópavog.

Þar sem að friðlýsing svæðisins byggir á verndun búsvæða fugla og vistkerfa fjöru og grunnsævis, þarf Kópavogsbær að leggja fram skýrt mat á því hvernig breytingar á strandlínu, sjóvörnum eða aukin umferð muni hafa áhrif á vistfræðilega virkni svæðisins, fæðuöflun fugla og verndargildi friðlýsta búsvæðisins.

Stærsta útivistarsvæðið á Kársnesi er við strandlengju Kópavogs. Kópavogsleiran og Skerjafjörðurinn gegna lykilhlutverki í að viðhalda einstöku fuglalífi á þessu svæði sem er eitt mikilvægasta fuglaskoðunarsvæði höfuðborgarsvæðisins, m.a. vegna fjölda fugla og sýnileika fugla. Á þessu svæði geta íbúar notið nálægðar við einstaka náttúru og fuglalíf innan borgarmarkanna. Þetta svæði er eitt af fáum náttúrulegum svæðum á höfuðborgarsvæðinu sem fer sífellt fækkandi. Á undanliðnum árum hefur verið sífellt gengið nær náttúrunni og oft með þeim rökum að um óveruleg áhrif sé að ræða eða þá að svæðinu hafi verið raskað að einhverju leiti. Hafa ber í huga að þegar óveruleg áhrif leggjast saman eru þau orðin að verulegum áhrifum.

Útivistarsamtökin skilja þörf fyrir tengingu hjóltreiddanets, en telja eðlilegt að á viðkvæmum stað sem þessum eigi að taka tillit til náttúrunnar og að það ætti að vera ásættanlegt að á stuttum kafla þurfi hjólandi vegfarendur að hægja á sér og deila stíg með gangangi. Um þetta ætti að gilda það sama og við hönnun Borgarlínu, þar sem ekki er hægt að hafa sér akrein, þá deilir Borgarlína akrein með örðum. Bregðast má við ljósmengun með ljósstólpum og lágstemmdri lýsingu.

Kópavogsbær var fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til þess að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna formlega. Í framtíðarsýn Kópavogsbæjar stendur m.a. Kópavogsbær er borgarsamfélag í nánnum tengslum við náttúruna enda sýnir bærinn umhverfislega og samfélagslega ábyrgð.

Í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, kafla 13 (viðauki 5, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og stefna Kópavogsbæjar) kemur fram varðandi Heimsmarkmið 14 (undirmarkmið 14.2) „**Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.**“ Útivistarsamtökin telja eðlilegt að Kópavogsbær fylgi þessu markmiði sínu og gangi ekki nærri friðlýstu svæði eins og fyrirhuguð framkvæmd gerir.

Eins ítreka Útivistarsamtökin að hugmyndafræði um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð byggir á að gætt sé

að því að jafnvægi sé á milli samfélagslegra þátta, umhverfisþátta og fjárhagslegra þátta. Aukið aðgengi að vistvænum ferðamáta styður ekki við sjálfbærni, ef gengið er á viðkvæmt umhverfi. Mikilvægt er að meta bæði jákvæð og neikvæð áhrif sem fyrirhuguð framkvæmd mun valda m.t.t. sjálfbærni markmiðanna. Mikilvægt er að hugsanlegur ávinningur fyrir samfélagið rýri ekki náttúrugæði og vistkerfi.

Útivistarsamtökin benda enn fremur á að mikilvægt er að framkvæmdir fari ekki gegn grundvallarmarkmiði sjálfbærar þróunar um réttlát umskipti, þ.e. að ein breyta sem styður við sjálfbærni á ekki á sama tíma að eyðileggja það sem er fyrir og styður þá þegar við sjálfbæra þróun. Ef nauðsynlegt reynist að fórna einhverju í þágu bættra vistvænna samgangna má spyrja hvort réttlætanleg forgangs röðun sé að ganga á vernduð svæði og vistkerfi með óafturkræfum hætti.

Vegna framkvæmdar við Kópavogsleiru þar sem reistir verða lóðréttir sjávargarðar og ný mannvirki sett upp við leiruna þá þarf sérstaklega að meta áhrif á:

- fæðuöflun fugla,
- hvíldarsvæði fugla,
- fjörulíf og botndýralíf,
- setflutninga og þróun leirunnar til framtíðar

Útivistarsamtök Kársness leggja til að stígurinn meðfram botni Kópavogs gangi ekki á friðlandið eins og hér er kynnt og að ásættanleg lausn sé að á stuttum kafla þurfi hjólandi vegfarendur að hægja á sér og deila stíg með gangandi líkt og gildir við hönnun Borgarlínu. Mikilvægt er að friðlandið á þessu svæði njóti virðingar og sé ekki skert.

Höfundur: Sigurborg Arnarsdóttir

Sent inn þann: 02.07.2026

Vegna: Máls nr. 0708/2026, Stígagerð í botni Kópavogs (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Stígagerð í botni Kópavogs mál nr.708/2026
Athugasemd við stígagerði í botni Kópavogs

Framkvæmdin er fyrirhuguð við jaðar friðlands Kópavogsleiru. Við skipulag framkvæmda á slíkum stað þarf að gera ríkar kröfur til þess að fyrir liggi fullnægjandi mat á áhrifum þeirra á verndargildi svæðisins, vistkerfi, fuglalíf og útivistargæði. Við mat á framkvæmdum við friðlýst svæði skiptir ekki aðeins máli hvort mannvirki liggi innan eða utan friðlýstra marka heldur einnig hvort sýnt hafi verið fram á að framkvæmd raski ekki þeim náttúrugæðum og vistfræðilegu eiginleikum sem friðlýsingunni er ætlað að vernda.

Í gögnum kemur fram að framkvæmd fari ekki út fyrir núverandi grjótagarð. Sú staðreynd ein og sér segir þó ekki til um áhrif framkvæmdarinnar á friðlandið. Almenn er viðurkennt að framkvæmdir við jaðar verndarsvæða geti haft áhrif út fyrir sjálft framkvæmdarsvæðið. Slík áhrif geta meðal annars tengst breytingum á strandbrún, nýjum mannvirkjum og lýsingu. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ráðið að sérstakt vistfræðilegt mat hafi verið unnið á þessum áhrifum eða að þau hafi verið metin sérstaklega.

Framkvæmdin felur jafnframt í sér nýja lóðréttu grjóthleðslu sem breytir ásýnd og gerð strandbrúnarinnar, auk brúar, hljóðveggjar og lýsingar. Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir samanstanda af fleiri en einum framkvæmdarþætti á sama viðkvæma svæðinu er sérstaklega mikilvægt að fyrir liggi heildstætt mat á samhlöðum áhrifum þeirra. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ráðið að slíkt mat hafi verið lagt fram.

Gert er ráð fyrir nýrri lýsingu við friðlandið. Ekki er gerð grein fyrir áhrifum hennar á fuglalíf eða aðrar lífverur sem nýta svæðið, né hvort metnar hafi verið viðurkenndar mótvægisáðgerðir í hönnun lýsingar til að draga úr vistfræðilegri ljósmengun, svo sem tímastýring eða deyfing lýsingar þegar umferð er lítil. Samkvæmt teikningum felur framkvæmdin einnig í sér breytingu á strandbrún með nýrri grjóthleðslu. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ráðið hvort áhrif þeirrar breytingar á strandvistkerfið og verndargildi svæðisins hafi verið metin sérstaklega.

Í ljósi verndargildis Kópavogsleiru verður að gera ríkar kröfur til þess að niðurstaða um að áhrif framkvæmdarinnar séu óveruleg byggist á skýrum vistfræðilegum gögnum og gagnsærri röksemdafærslu. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ráðið á hvaða vistfræðilegu gögnum eða aðferðafræði sú niðurstaða byggir að áhrif framkvæmdarinnar séu óveruleg. Einkum skortir umfjöllun um jaðaráhrif framkvæmdarinnar, samhlöð áhrif hennar, áhrif lýsingar og breytinga á strandbrún, auk þess sem ekki verður séð að raunhæfir valkostir hafi verið bornir saman.

Við skipulag viðkvæmra náttúrusvæða er mikilvægt að horfa einnig til langtímaáhrifa einstakra ákvarðana. Endurteknar framkvæmdir geta saman haft meiri áhrif en hver framkvæmd ein og sér. Af þeim sökum er mikilvægt að draga skýr mörk um frekara rask við friðlandið og að meta hvert skref í heildarsamhengi, en ekki sem staka framkvæmd.

Kópavogsbær gegnir í þessu máli mikilvægu hlutverki. Sem þátttakandi í uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu ber bænum að stuðla að bættem innviðum. Jafnframt ber honum sérstök ábyrgð á að varðveita þau friðlýstu náttúruverðmæti sem eru innan sveitarfélagsins. Sú ábyrgð verður ekki minni vegna þátttöku í sameiginlegum samgönguverkefnum. Þvert á móti þarf að tryggja að uppbygging samgangna og vernd náttúru fari saman og að ákvarðanir endurspegli bæði þessi markmið. Ekki verður séð að það hafi verið gert né að tekið hafi verið tillit til vermætis svæðisins í huga íbúa sbr. viðbrögð íbúa við kynningu á vinnslustigi á þessum slóðum fyrr á þessu ári.

Kópavogsbær dregur nafn sitt af Kópavogi. Vogurinn, strandlengjan og Kópavogsleira eru því ekki aðeins friðlýst náttúrusvæði heldur órjúfanlegur hluti af sögu, sérstöðu og náttúruarfi sveitarfélagsins. Með þeirri sérstöðu fylgir sérstök ábyrgð. Ákvarðanir sem teknar eru í dag munu móta þetta landslag til framtíðar og því er mikilvægt að samgönguuppbygging verði skipulögð með þeim hætti að verndargildi svæðisins varðveitist fyrir bæjarbúa og komandi kynslóðir. Það er ekki aðeins lagalegt hlutverk sveitarfélagsins heldur einnig samfélagsleg ábyrgð að tryggja að uppbygging innviða fari fram með þeim hætti að náttúruverðmæti sem gera Kópavog að Kópavogi glatist ekki í áföngum heldur varðveitist til framtíðar.

Höfundur: Hulda Jónasdóttir

Sent inn þann: 02.07.2026

Vegna: Máls nr. 0708/2026, Stígagerð í botni Kópavogs (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Umsögn lögð fram fyrir hönd Náttúruverndarstofnunar.

Höfundur: Ester Anna Ármannsdóttir

Sent inn þann: 03.07.2026 , **Fyrir hönd:** Náttúruverndarstofnun

Viðhengi:

3.1.Umsögn Náttúruverndarstofnunar Stígur - við Skerjafjörð.pdf

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

23. júní 2026
202605-0098/A.B.

Efni: Umsögn - Framkvæmdarleyfi - breikkun stíga í botni Kópavogs Kópavogsbær.

Vísað er í erindi Kópavogsbæjar er barst 28. maí þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna fyrirhugaðs framkvæmdaleyfis fyrir breikkun göngu- og hjólastíga í botni Kópavogs, vestan Hafnarfjarðarvegar. Í erindinu kemur fram að framkvæmdin sé í nálægð við friðlýsta fjöru og strandlengju Kópavogs og að óskað sé umsagnar stofnunarinnar á grundvelli 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Friðlýst fjara og grjótnargarður

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé heimilt að fara lengra út í fjöru Kópavogs en neðsti hluti núverandi grjótnargarðs nær í dag vegna friðlýsingar svæðisins. Jafnframt kemur fram að hluti verkefnisins sé endurröðun steina í grjótnargarði vegna breikkunar og hækkunar stíga og gerðar nýrrar göngubrúar.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta verði sett sem bindandi skilyrði í framkvæmdaleyfi. Endurgerð grjótnargarðs skal fara fram innan núverandi rakssvæðis garðsins og neðri mörk hans mega ekki færast utar í friðlýsta fjöru. Þá þarf að afmarka framkvæmdasvæðið skýrt á vettvangi áður en framkvæmdir hefjast.

Leyfisveiting

Náttúruverndarstofnun bendir á að ef framkvæmdin, vinnusvæði eða aðrir verkþættir fara inn fyrir mörk friðlýsts svæðis þarf að sækja um leyfi stofnunarinnar til framkvæmda á friðlýstu svæði. Slíkt leyfi tekur ekki aðeins til varanlegra mannvirkja eða jarðrasks, heldur einnig tímabundinna áhrifa á framkvæmdatíma, svo sem umferðar vinnuvéla, aðkomuleiða, efnageymslu, vinnuáðstöðu og annarra athafna sem geta haft áhrif á verndargildi svæðisins.

Náttúruverndarstofnun telur að áður en framkvæmdaleyfi er veitt þurfi að liggja fyrir uppdráttur sem sýnir skýra afmörkun framkvæmdasvæðis, vinnusvæðis, aðkomuleiða og þess hluta grjótnargarðs sem á að endurgera. Á sama uppdrætti þarf að sýna mörk friðlýsta svæðisins, svo unnt sé að staðfesta hvort framkvæmdin fari inn fyrir mörk þess og hvaða leyfi þurfi að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

Kópavogslækur

Í útboðsgögnum kemur fram að við gerð undirstaðna undir brú við Kópavogslæk geti orðið innrennsli vatns og að gera þurfi ráð fyrir vatnsdælingum á verktíma. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að framkvæmdum við ósinn, fjöru og grjótvörn verði hagað þannig að rask, gruggmyndun og áhrif á lífríki verði í lágmarki.

Ef vinna fer fram í eða við vatn skal tryggja að gruggugt framkvæmdavatn berist ekki óhindrað í læk eða fjöru. Meta þarf á framkvæmdastigi hvaða ráðstafanir henta best, svo sem að dæla vatni fram hjá framkvæmdasvæði, nota setvarnir eða aðrar sambærilegar lausnir eftir aðstæðum.

Hljóðveggur, ásynd og fuglalíf

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaður hljóðveggur verði 1,8 m hár, að a.m.k. helmingur veggflatar verði gegnsær og að á honum verði mynstur til að draga úr hættu á að fuglar fljúgi á hann.

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að gert sé ráð fyrir mótvægisáðgerð gegn áflugi fugla. Tryggja þarf þó að mynstrið verði nægilega þétt og sýnilegt fuglum. Þá skal hljóðveggur, lýsing og efnisval útfært þannig að sjónræn áhrif á voginn og friðlýsta svæðið verði sem minnst.

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að Skerjafjörður hefur hátt verndargildi vegna fuglalífs og er svæðið mikilvægt búsvæði fugla allt árið, ekki eingöngu á varptíma. Svæðið er m.a. mikilvægt fyrir farfugla og fargesti sem nýta fjörur, leirur og grunnsævi til fæðuöflunar og hvíldar.

Við framkvæmdir þarf því að lágmarka rask, hávaða, umferð vinnuvéla og gruggmyndun við fjöru og lækjarós. Sérstaklega þarf að gæta þess að framkvæmdir og tímabundin aðstaða skerði ekki búsvæði fugla eða trufla fuglalíf á viðkvæmum tímum ársins.

Viðbragðsáætlun og vöktun

Í útboðsgögnum kemur fram að verktaki skuli leggja fram öryggisáætlun sem inniheldur viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa. Náttúruverndarstofnun telur jafnframt mikilvægt að tryggt verði að áætlunin taki einnig til atvika sem kunna að hafa áhrif á friðlýsta svæðið, svo sem gruggmyndunar, olfuleka eða rasks utan afmarkaðs framkvæmdasvæðis. Þá þarf að tryggja viðeigandi eftirlit á framkvæmdatíma og að gripið verði tafarlaust til úrbóta ef hætta er á áhrifum á fjöru, Kópavogslæk eða lífríki svæðisins.

Vinnusvæði og frágangur

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að vinnusvæði, akstursleiðir, efnageymslur og aðstaða verktaka verði afmörkuð áður en framkvæmdir hefjast. Óheimilt er að aka innan markar friðlýstra svæða og óheimilt verði að geyma efni, jarðveg, úrgang eða vinnuvélar innan friðlýstrar fjöru.

Einnig þarf að liggja fyrir frágangsáætlun áður en framkvæmdir hefjast þar sem fram kemur hvernig raskað yfirborð verður lagfært og hvernig komið verður í veg fyrir að ummerki um framkvæmdir verði eftir á svæðinu.

Skilyrði sem stofnunin leggur til

Náttúruverndarstofnun leggur til að eftirfarandi verði sett sem skilyrði í framkvæmdaleyfi:

- framkvæmdasvæði og akstursleiðir verði skýrt afmörkuð á vettvangi,
- grjótvörn færast ekki utar í friðlýsta fjöru,
- endurgerð grjótvagnar fari fram innan núverandi rasksvæðis,
- ekki verði heimiluð akstur, efnageymsla, jarðvegslosun eða vinnuvélaumferð innan friðlýstrar fjöru,
- gripið verði til setvarna við vinnu við Kópavogslæk og fjöru,
- gegnsær hljóðveggur verði merktur með mynstri sem dregur úr áflugshættu fugla,
- lýsing verði útfærð þannig að ljósmengun að fjöru og læk verði í lágmarki,
- frágangsáætlun verði samþykkt áður en framkvæmdir hefjast,
- verði vart við ófyrirséð áhrif á friðlýsta svæðið skuli framkvæmdir stöðvaðar og haft samráð við leysisveitanda og Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur